




sem umhverfis ykkur er
Getið ykkur tíma til að njóta þess

Flytið ykkur ekki um of

AUÐVELT
erfiðleikastig 1
KREFJANDI
erfiðleikastig 2
MJÖG KREFJANDI
erfiðleikastig 3

sem flokkað er þannig:

yfir sjávarmál svo og ætlað *erfiðleikastig*

göngutími í klukkustundum og getið mestu hæðar

Fyrir hverja gönguleið er tilgreindur ætlaður

- Fólkvangur - (2014)

má finna í bók Bjarna E. Guðleifssonar Hraun í Öxnadal

Nánari upplýsingar um gönguleiðir á svæðinu

af því hvernið berghlaupshraun eru.

að ganga með varúð, en leiðin gefur góða myn

Leiðin yfir hraunin er mjög gróf og störgrytt og þar þarf

yfir hraunin.

Þaðan upp að Hraunsvatni og síðan heim í Hraunshlað

Hér er gengið frá Hrauni inn á gönguleiðina frá Hálsi og

Algeng gönguleið að Hraunsvatni hefst við bæinn Hálsa.

(*grænar, gular, rauðar og bláar*).

stikaðar með stíkum í sömu litum og sýnt er á kortinu

fremur auðveldar gönguleiðir um láglandið hata verið

þjárhúsin í Hrauni nema leið 14 (Hraundranga.) Fjórar

Gönguleiðir þær sem hér er lýst, hefjast allar við

1. Heimalandið, hraunin og Öxnadalsá, grænar stíkur

Göngutími 2 klst. Mesta hæð 280 m. Erfiðleikastig 0,5.

Farið er frá íbúðarhúsinu upp að hrútakofanum og gamla hesthúsinu og hlöðunni, að steknum ofan hlöðunnar. Farið er að „nýju“ fjárhúsunum og steinsteypu hlöðunni, en í henni er ætlunin að gera sýningar- og fundarsal fyrir Jónasarsetur að *Hrauni*. Þaðan er gengið suður í hraunin niður að *Öxnadalsá* og niður með ánni að gömlu brúar-stæðunum og rafstöðinni og að lokum upp að *Háagerði*, gömlum tóftum eftir kot eða sel og þaðan er gengið heim að bæ.

2. Að Hálsi og upp að Hraunsvatni, gular stíkur

Göngutími: 3,5 klst. Mesta hæð 505 m. Erfiðleikastig 2.

Gengið er niður fyrir bæinn og suður eftir eyrunum með-fram *Öxnadalsá*, yfir *Hraunsá* hjá Hálsi og þaðan er gengin leiðin frá Hálsi upp að *Hraunsvatni*. Til baka heim í *Hraunshlað* um hraunin.

3. Um Drangabolla að Hraunsvatni, rauðar stíkur

Göngutími 4 klst. Mesta hæð 560 m. Erfiðleikastig 2.

Þetta er fegursta gönguleiðin að Hraunsvatni. Gengið er upp frá bænum í gróið dalverpi sunnan urðarbrekku, *Kisubrekku*, en um dalverpið liggur fjárgata. Ofarlega í lægðinni eru allgreinilegar stekkjartóftir. Uppi undir hlið *Drangafjalls* er lægð sem nefnist *Drangabollar*. Eftir bollunum er gengið til suðurs að *Hraunsvatni* og er þá komið á svonefnda *Drangagrund*. Farið er yfir urðarrana, *Bríkarrima*, sem gengur fram í vatnið og er þá komið á *Vatnsgrund* en þar rennur *Hraunsá* úr vatninu. Hún hverfur í urðina skömmu síðar. Frá *Vatnsgrund* er stefnan tekin niður með *Hraunsá* og niður hraunin heim að *Hrauni*.

4. Um Hraunsstapa, bláar stíkur

Göngutími 3 klst. Mesta hæð 560 m. Erfiðleikastig 2.

Gengið er upp í *Drangabolla*, en efst í þeim eru stapar og er *Arnstapi* þeirra mestur. Gengið er suður staparöðina allt út á *Bríkarrima* en þar er farið niður í gljúfur *Hraunsár* og gengið heim hraunin í *Hraunshlað*.

5. Um Draugadal í Einbúaskál

Göngutími 3 klst. Mesta hæð 630 m. Erfiðleikastig 1,5.

Gengið er upp frá bænum, en í stað þess að stefna á *Kisubrekku*, er farið upp næstu lægð norðan við og þegar komið er upp bröttustu brekkuna er stefnt fyrir suðurenda *Einbúa* og farið í *Draugadal*, sem er fjallsmegin við *Einbúa*. Gengið er norður eftir *Draugadal* og niður bratta brekku í *Einbúaskál*. Þar má njóta lífsins. Eftir hvíld þar er haldið aftur að *Hrauni*, fyrst til austurs úr skálinni og síðan sveigt til suðurs og stefnt beint heim að hlaði í *Hrauni*.

6. Á Einbúa

Göngutími 3 klst. Mesta hæð 684 m. Erfiðleikastig 2.

Tekin er stefna í norðvestur á aðra lægð norðan við *Kisubrekku* og stefnt austan við *Einbúa* uns komið er í gróður-sæla skál, *Kúaskál*. Haldið er upp bratta skriðu til norðvest-urs úr skálinni og norður fyrir *Einbúa*. Gengið er á *Einbúa* að norðan og suður háhrygginn með *Draugadal* á hægri hönd. Heim má fara niður austurhlið *Einbúa*, en þar eru brattar skriður og nokkrir klettar og er rétt að fara varlega. Þegar komið er niður úr hliðum *Einbúa* er gengið eftir lítt grónum jökulurðum og fram af þeim heim að *Hrauni*.

7. Á Hallok

Göngutími 4 klst. Mesta hæð 990 m. Erfiðleikastig 3.

Gengið er til norðvesturs frá bænum upp þriðju lægðina norðan *Kisubrekku* og stefnt í skarðið á *Auðnahálsi* við enda *Drangafjalls*. Úr skarðinu á Auðnahálsi er lagt til uppgöngu á *Hallok*. Um þrjá hryggi er að velja og er gengið upp mið-hrygginn en um hann er fjárgata. Á leiðinni eru tveir kletta-hausar, sá neðri er torveldari. Gengið er upp hrygginn uns komið er á enda gróins og fremur auðgengins svæðis. Fram undan eru hvassbrýndir tindar sem nefnast *Klasar*. Klöngr-ast má með varfærni áfram vestanmegin á næstu tinda, en lengra verður ekki komist með góðu móti. Efst í Klösum kunna að vera skaflar og þar þarf að gæta varúðar. Sama leið er farin til baka. Þó má gera þá breytingu að fara um *Einbúaskál* og *Draugadal* heim að *Hrauni*.

8. Á Drangafjall (Háafjall)

Göngutími 8,5 klst. Mesta hæð 1120 m. Erfiðleikastig 3.

Fjallið milli *Öxnadals* og *Hörgárdals* nefnist *Háafjall* Hörg-árdalsmegin en Öxnadalsmegin nefnist það *Drangafjall*. Drangafjallsnafnið er meira notað um norðurhluta fjallsins en *Háafjall* um suðurhlutann. Gengið er frá *Hrauni* um *Drangabolla* í *Drangagrund* og fram með *Hraunsvatni* að vestanverðu. Úr *Sandskál* koma tveir vatnslitlir lækir og falla þeir um klettabelti neðst. Best er að klífra upp klettana á milli lækjanna og þegar komið er upp í Sandskál er lagt upp norðurhlið skálarinnar sem er nokkuð brött og skriðurunn-in. Þægilegast er að fylgja grasgeiranum sem nær hæst upp í hliðina. Þegar upp er komið er gengið norður eftir sléttu fjallinu, sem fyrst lækkar svolítið til norðurs en hækkar svo aftur. Við norðurendann er það hæst. Nær *Hraundranga* verður ekki komist þessa leið. Sama leið er farin til baka að *Hrauni*, nema menn stytti leiðina og fari yfir hraunin heim að bænum.

9. Um Auðnaháls yfir í Hörgárdal

Göngutími 3 klst. Mesta hæð 550 m. Erfiðleikastig 2.

Gengin er sama leið frá Hrauni og lýst er gönguleið 7. Þegar komið er í skarðið á Auðnahálsi blasir *Hörgárdalur* við og einnig sést inn í *Myrkárdal*. Til að komast niður klettabeltin í skeiðunum í *Hörgárdal* er stefnt örlítið út dalinn með stefnu á eyðibýlið *Bás*.

10. Um Kiðlingsdal yfir í Hörgárdal

Göngutími 9 klst. Mesta hæð 1060 m. Erfiðleikastig 3.

Gengið er um *Drangabolla* frá Hrauni, eins og lýst er í gönguleið 3, og er gengið inn með *Hraunsvatni* vestan-verðu. Er gengið eftir fjárgötum undir hliðum *Sandskálar-hnjúks*. Þegar styttist í *Kiðlingsá* geta menn lagt skáhallt í hliðina upp í dalsmynnið. Þegar ofar dregur opnast dalur-inn. Fyrir botni hans, í suðvestri, er *Háafjall*, að því er virð-ist auðgengið og einnig er vel fært til norðurs á *Sandskálar-hnjúk*. Við stefnum hins vegar meira til vesturs í skarðið norðan við áberandi strýtuhnúð. Farið er niður í *Grjótárdal* norðan við strýtuna og best er að ganga spöl inn eftir hjalla í *Grjótárdal* vegna þess að nokkuð bratt er niður af honum utar. Síðan er stefnt út og niður *Grjótárdal*, út *Hörgárdal* að *Staðarbakka*, en þar er brú á Hörgá.

11. Um Bessahlaðaskarð yfir í Öxnadal

Göngutími 8 klst. Mesta hæð 1000 m. Erfiðleikastig 3.

Styst er að ganga frá *Hrauni* um hraunin að *Vatnsgrund* og þaðan inn með *Hraunsvatni* austanverðu, en þar liggja ágætar fjárgötur. Gengið er inn dalinn austan ár undir *Þverbrekkuhnjúki*. Dalbotninn smáhækkar og þegar innar dregur er sveigt til austurs og stefnt í *Bessahlaðaskarð* sem er sunnan við syðsta enda hnjúksins, *Grjótskálarknjúk*, sem skiptir skarðinu. Best er að forðast Grjótskálina sem er leið-inleg yfirferðar. Síðan er haldið niður í *Öxnadal* úr *Bessa-hlaðaskarði*, en þar er allbratt. Stefni menn á þjóðveginn um *Öxnadal* er rétt að halda sig sunnan við lækinn, sem brátt verður að litill á, *Skarðsá*. Ekki er þó ráðlegt að fara mjög sunnarlega vegna klettabelta. Ætli menn hins vegar að ganga út að *Hálsi* eða *Hrauni*, sem er býsna langt, er farið niður norðan við *Skarðsá*, og þá verða menn að lækka sig mikið til að komast yfir gil sem á leiðinni verða.

12. Á Þverbrekkuhnjúk

Göngutími 9 klst. Mesta hæð 1206 m. Erfiðleikastig 3.

Gengið er frá *Hrauni* yfir hraunin og síðan fram *Vatnsdal* eins og lýst er í gönguleið 11. Þegar komið er upp í *Bessahlaða-skarð* er stefnt til norðurs austan við áberandi hnjúk sem er norðan við skarðið. *Grjótskálarknhjúk*, sem er stórgrýttur sem og skálin. Þegar komið er upp á flatann er greið leið eftir flöt-um flám. Þarna eru menn í raun á *Bessahlaðahnjúki*. Farið er upp tvö þrep og þegar komið er upp nyrðra þrepið er komið á *Þverbrekkuhnjúk*, sem er norðan við *Bessahlaðagil* í *Öxnadal*. Á bakaleiðinni er rétt að líta niður í *Bessahlaðagil*. Síðan er farið niður í *Bessahlaðaskarð* eins og lýst er í 11. gönguleið.

13. Um Vatnsdal yfir í Gilsgil í Öxnadal

Göngutími 11 klst. Mesta hæð 1170 m. Erfiðleikastig 3.

Gengið er frá *Hrauni* og fram *Vatnsdal* eins og lýst er í gönguleið 11. Þegar komið er á móts við *Bessahlaðaskarð* er stefna tekin á *Vatnsdalsbotn* austanverðan. Þar eru jökul-fannir, en vilji menn losna við snjóinn má síðsumars ganga upp urðina utan í *Varmavatnshóla*fjalli. Þegar upp kemur verður fyrir háslétta og liggur beinast við að ganga niður í svonefnd *Grjótárdalsdrög* og niður í *Gilsgil* í *Öxnadal*. *Grjót-árdalsdrögin* eru kennd við *Grjótárdal*, öðru nafni *Vestmanna-dal*, sem opnast niður á *Öxnadalsheiði*, og þangað má einnig ganga svo og um *Víkingsskarð* yfir á *Hörgárdalsheiði*.

14. Á Hraundranga

Klifurtími 7 klst. Mesta hæð 1075 m. Erfiðleikastig 3,5.

Þetta er fremur klifurleið en gönguleið. Venjulega er gengið á *Hraundranga* úr *Hörgárdal* en ekki *Öxnadal*. En úr *Hörgár-dal* er auðveldari leið, fyrst upp þægilega grasgeira. Lagt er upp á móts við brúna að eyðibýlinu *Nýjabæ*. Hliðin er vel gróin og auðgengin. Þegar komið er í stærsta skarðið opn-ast sýn í *Öxnadal*, en þar niður er allt að 700 m þverhnýpi. Þarna hefst klifrið og er farið upp norðurhlið drangans. Klettaveggurinn er nokkuð laus í sér og varast þarf grjót-hrun. Tindurinn er flöt berghella um það bil 4x1,50 m og uppi á henni eru þrjú grettistök um 1 m² hvert. Má því segja að tindurinn sé um 3 m². Að lokinni dvöl á tindinum er sigið niður með norðurhlið *Drangans* allt niður í skarðið og þaðan er rölt niður í *Hörgárdal*.

GÖNGULEIÐIR UM FÓLKVANGINN AÐ HRAUNI Í ÖXNADAL

WALKING ROUTES IN HRAUN RESORT

- Mörk fólkvangs
- Resort boundary
- Gönguleið
- Hiking trail
- ① Númer gönguleiða samkvæmt skýringum
- Trail number according to description
- 1 Vegur, malbikaður / Vegnúmer
- Road, paved surface / Road number
- Vegur, malarborinn
- Road, gravel surface
- Jeppavegur
- Jeep road
- Skurður
- Ditch
- Lækur / Á
- Brook / River
- Flúðir / Foss
- Rapids / Waterfall
- Hús. Eyðibýli í sviga. Ártal síðustu búsetu
- House. Date when the farm was abandoned
- Rústir. Eyðibýli í sviga. Ártal síðustu búsetu
- Ruins. Date when the farm was abandoned
- Rétt
- Sheepfold
- Kirkja
- Church
- Ræktað land
- Cultivated land
- Framhlaup
- Landslide
- Jökulruðningur
- Moraine
- Jökull
- Glacier
- Stöðuvatn
- Lake



Mælikvarði 1 : 40 000

0 1 2 3 Km

1 cm á korti jafngildir 400 m á landi